

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjódgarðs
4. fundur
haldinn á Skriðuklaustri, 23. október 2007
Fundað með stjórn Vatnajökulspjódgarðs

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir,, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson og Skarphéðinn G. Þórisson.

Svæðisráð byrjaði á að borða hádegisverð með stjórn Vatnajökulspjódgarðs og var hófst umræða um málefni austursvæðis yfir matnum. Svæðisráðið kynnti sig fyrir stjórninni og Eiríkur fór síðan lauslega yfir þau mál sem svæðisráðið hefur verið með til umræðu.

Að loknum hádegisverði var farið út á hlað og greindi Skúli Björn frá þeim hugmyndum sem væru uppi um staðsetningu þjóðgarðsmiðstöðvar á Skriðuklaustri. Að því búnu settust stjórn og svæðisráð á fund í stásstofu.

Eftirfarandi var rætt:

1. Samningaviðræður við landeigendur - staða.

Formaður og varaformaður stjórnar gerðu grein fyrir stöðu samningaviðræðna við landeigendur á austursvæði sem er góð. Gert ráð fyrir að lögð verði fram áfangaskýrsla um stöðu samninga upp úr miðjum nóvember.

2. Reglugerð fyrir Vatnajökulspjódgarð - staða.

Formaður stjórnar sagði þá vinnu skammt á veg komna en að gert væri ráð fyrir að svæðisráðin kæmu eitthvað að henni. Lagt var fram minnisblað um undirbúning reglugerðarinnar.

3. Arkitektasamkeppni um gestastofur

Formaður stjórnar og varaformaður ásamt starfsmanni greindu frá því að undirbúningur að arkitektasamkeppni væri hafinn og við það miðað að sú samkeppni verði auglýst um miðjan desember. Fyrsta miðstöðin verði sú í Fljótsdal sem taka eigi skóflustungu að haustið 2008. Fram kom í máli þeirra að mikilvægt væri að fyrir lægi sem fyrst hvar þessar gestastofur yrðu staðsettar svo að það væri á hreinu þegar til blásið yrði til samkeppninnar. Umræður urðu um gestastofurnar og staðsetningu þeirrar á Skriðuklaustri. Svæðisráð gat greint frá því að sveitarfélagið Fljótsdalshreppur væri farið að vinna að undirbúningi deiliskipulags vegna staðsetningar á gestastofunni.

4. Landvörslustöðvar - staðsetning

Rætt var um landvörslustöðvar og staðsetningu þeirra á austursvæði. Þórhallur ræddi m.a. bréf sem ferðafélögin sendu umhverfisráðherra í því sambandi. Mál manna að svæðisráðin þurfi að fara nákvæmlega yfir þessi mál en gert ráð fyrir að þjónustusamningar verði gerðir.

5. Fjármál 2008

Starfsmaður stjórnar lagði fram fyrstu hugmyndir um kostnaðarmetna framkvæmdaáætlun fyrir 2008 og fór yfir það sem gert er ráð fyrir í fjárlagatillögum fyrir næsta ár er varðar þjóðgarðinn. Rætt var um ýmsa kostnaðarþætti í áætlunum í greinargerð ráðgjafarnefndarinnar og mat manna að margt væri þar heldur lágt reiknað. Stjórn sagði að svæðisráðin yrðu líka að meta þörf fyrir fjármagn á sínum svæðum, s.s. til stígagerðar og merkinga.

6. Önnur mál

Ýmislegt annað rætt, s.s. kynningarmál og næstu skref.

Fundi svæðisráðs og stjórnar lauk kl. 14.30.

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Skarphéðinn G. Þórisson